

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
109. fundur –11. desember 2006**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 11. desember 2006, að Kríunesi, Kópavogi og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins. Forföll boðuðu Halla Halldórsdóttir og Gestur Pétursson. Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 27. nóvember 2006

Samþykkt.

2 Fundargerð 94. starfsmannafundar frá 29. nóvember 2006

2.1 Starfsleyfi.

Garðabær

2.1.1 Lyngás 14, Garðabæ - garðaúðun, meindýraeyðing.

Lögð fram umsókn Smára Sveinssonar, fh. Varnir og eftirlit ehf., kt. 520301-2080, dags. 24.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs starfsstöðvar vegna meindýraeyðingar og garðaúðunar að Lyngási 5, Garðabæ. Endurnýjun. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla, dags. 22.11.2006.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.2 Hafnarfjarðarvegur, Garðabæ - bensínstöð með matvöru.

Lögð fram að nýju umsókn Sindra Sveinbjörnssonar, fh. Ólíuverslunar Íslands hf., kt. 500269-3249, dags. 08.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensínstöðvar ásamt sölu matvöru og vöru sem inniheldur hættuleg efni og eiturefni, við Hafnarfjarðarveg, Garðabæ. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarna- og hollustuhátta- og matvælaeglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1. jan 2008. Tillaga að starfsleyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun þarf að fara í auglýsingu.

2.1.3 Suðurhraun 1, Garðabæ - prentsmiðja.

Lögð fram umsókn Kristþór Gunnarssonar, fh. Ísafoldar prentsmiðju ehf., kt. 540602-4330, dags. 31.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Suðurhrauni 1, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, með fyrirvara um að starfsemi sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

2.1.4 Reykjanesbraut, Hraungarðar, Hafnarfirði - geymslusvæði.

Lögð fram að nýju umsókn Ástvalds Óskarssonar, fh. Geymslusvæðisins ehf., kt. 450791-1219, dags. 29.08.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs geymslusvæðis að Hraungörðum, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

2.1.5 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfirði - efnalaug.

Lögð fram umsókn Hauks Brynjólfssonar, fh. Nýju fatahreinsunarinnar, kt. 560402-2520, dags. 27.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs efnalaugar að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

2.1.6 Steinhella 5, Hafnarfirði - verkstæði fyrirtækis.

Lögð fram umsókn Grétars Kristjánssonar, fh. Aftans ehf., kt. 430406-0190, dags. 24.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis fyrirtækis að Steinhellu 5, Hafnarfirði. Endurnýjun.
Frestað þar sem fullnægjandi úttekt er ekki lokið.

Kópavogur

2.1.7 Hlíðarsmári 15, Kópavogur - veitingastaður

Lögð fram umsókn Sólveigar Guðmundsdóttur, fh., Glúms ehf., kt. 530103-2770, dags. 24.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Hlíðasmára 15, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með samþykkt starfsleyfis, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2. mánaða.

2.1.8 Kársnesbraut 93, Kópavogi - gleriðnaður.

Lögð fram umsókn Ólafs Yngva Högnasonar, fh. Listglers ehf., kt. 671178-0419, dags. 04.12.2006, þar sem sótt er um leyfi til rekstrar gleriðnaðar að Kársnesbraut 93, Kópavogi. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkt notkun fasteignar.

2.1.9 Kópavogsbraut 115, Kópavogur - verslun.

Lögð fram umsókn Sólveigar Sigurðardóttur, fh., Andreu Sigurðardóttur, kt. 071066-3399, dags. 06.12.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með óvarin matvæli og olíuvörur að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Eigendaskipti.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.10 Skemmuvegur 36, Kópavogi - trésmiðja.

Lögð fram umsókn Haralds Ragnarssonar, fh. Húsgagnastofu Ragnars Haraldssonar ehf. kt. 701298-3659, dags. 27.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðju án lökkunar að Skemmuvegi 36, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

2.1.11 Smiðjuvegur 68-72, Kópavogi - gisting og veitingasala.

Lögð fram að nýju umsókn Friðriks Guðmundssonar, fh. Stafnáss ef., kt. 430303-3680, dags. 31.10.2006, þar sem sótt er um leyfi reksturs gistingar og veitingasölu að Smiðjuvegi 68-72, Kópavogi. Ný starfsemi.
Mælt með frestun þar sem unnið er að tillögu um úrbætur.

2.1.12 Vesturvör 22, Kópavogi - trésmiðja.

Lögð fram umsókn Guðmundar Arnarssonar, fh. Cego ehf., kt. 530600-3350, dags. 02.11.2006, þar sem sótt er um leyfi reksturs trésmiðju með lökkun að Vesturvör 22, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 5 ára.

2.2 Umsagnir

Garðabær

2.2.1 Kaupún 4, Garðabær - vínveitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá ritara Garðabæjar, dags. 28.11.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þórarins H. Ævarssonar um almennt vínveitingaleyfi fyrir verslunarhúsnæði Miklatorgs hf., IKEA, Kaupúni 4, Garðabæ.
Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

2.2.2 Skólabraut , Garðabær - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 20.11.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Heiðrúnar Helgu Karlsdóttur, um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir samkomusal Fjölbrautaskólans í Garðabæ, kt. 581286-1639, Skólabraut, Garðabæ.
Jákvæð umsögn samþykkt.

Hafnarfjörður

2.2.3 Trönuhraun 10, Hafnarfjörður - vínveitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá skrifstofustjóra Hafnarfjarðarbæjar, dags. 30.11.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Grétars Kristjánssonar um vínveitingaleyfi fyrir Áttuna, Trönuhrauni 10, Hafnarfirði.
Rekstraraðili er Titan veitingar ehf., kt. 410906-0150.
Mælt með jákvæðri umsögn með tilliti til svipmóts að lokinni fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.2.4 Steinhella 5, Hafnarfirði - umsögn um staðsetningu bílaleigu.

Lagt fram að nýju bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 14.11.2006 þar sem óskað er umsagnar á meðfylgjandi bréfi Vegagerðarinnar, dags. 15.11.2006 þar sem óskað er umsagnar í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 með síðari breytingum. Umsögnin er um staðsetningu bílaleigunnar Aftans ehf., kt. 430406-0190 að Steinhellu 5, Hafnarfirði.
Frestað.

Kópavogur

2.2.5 Bæjarlind 4, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram að bréf bæjarlögmanns Kópavogs, dags. 27.11.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Árveitinga ehf., kt. 450100-3580, um endurnýjun leyfis til almennra áfengisveitinga í veitingahúsinu Players Sport Cafe, Bæjarlind 4, Kópavogi.
Jákvæð umsögn veitt með tilliti til svipmóts.

2.2.6 Hagasmári 1, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram að bréf bæjarlögmanns Kópavogs, dags. 6.12.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sælkerabúðarinnar ehf., kt. 630394-2799, um leyfi til áfengisveitinga í veitingahúsinu Nings wokbar, Hagasmára 1 (Smáralind U-323), Kópavogi.
Jákvæð umsögn veitt með tilliti til svipmóts

2.2.7 Hlíðasmári 8, Kópavogi - veitingaleyfi.

Lagt fram að bréf bæjarlögmanns Kópavogs, dags. 6.12.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Austurlandahraðlestarinnar, kt. 520503-3230, um leyfi til áfengisveitinga í veitingahúsinu Austurlandahraðlestin, Hlíðasmára 8, Kópavogi.
Jákvæð umsögn veitt með tilliti til svipmóts.

2.2.8 Hlíðasmári 15, Kópavogi - veitingaleyfi.

Lagt fram að bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 29.11.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sólveigar Guðmundsdóttur, fh. Glúms ehf., kt. 530103-2770, til að reka veitingastofu að Hlíðarsmára 15, Kópavogi.
Jákvæð umsögn staðfest.

2.3 Tóbakssöluleyfi

Hafnarfjörður

2.3.1 Trönuhraun 10, Hafnarfirði - veitingahús.

Lögð fram umsókn Grétars Kristjánssonar, dags. 28.11.2006, þar sem sótt er um tóbakssöluleyfi fyrir Áttuna, Trönuhrauni 10, Hafnarfirði.
Rekstraraðili er Titan veitingar ehf., kt. 410906-0150.
Leyfisveiting staðfest.

Kópavogur

2.3.2 Bæjarlind 4, Kópavogur - veitingastaður.

Lögð fram umsókn Odds Haukssonar, dags. 01.12.2006, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til smásölu á tóbaki, fyrir Players Sport Cafe, Bæjarlind 4, Kópavogi.

Rekstraraðili er Árveitingar ehf., kt. 450100-3580.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla, dags. 01.12.2006.

Leyfisveiting samþykkt að lokinni fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.3.3 Hlíðarvegur 29, Kópavogur - söluturn.

Lögð fram umsókn Kristínar Bessu Harðardóttur, dags. 01.12.2006, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til smásölu á tóbaki, fyrir söluturninn Hlíðarvegi 29, Kópavogi.

Rekstraraðili er Kristín Bessa Harðardóttir, kt. 240763-3979.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla, dags. 01.12.2006.

Mælt með samþykkt leyfisveitingar.

2.3.4 Kópavogsbraut 115, Kópavogur - verslun.

Lögð fram umsókn Sólveigar Sigurðardóttur, fh., Andreu Sigurðardóttur, kt. 071066-3399, dags. 06.12.2006, þar sem sótt er um leyfi til smásölu á tóbaki, fyrir söluturninn, Biðskýlið, Kópavogsbraut 115, Kópavogi.

Leyfisveiting samþykkt þegar fullnægt er almennum skilyrðum laga um verslunaravinnu..

3 Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram að nýju fundargerð aðalfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða frá 25. október 2006. Til samræmingar á framkvæmd heilbrigðiseftirlits í landinu er eftirfarandi ákveðið:

3.1 Gildistími starfsleyfa

Samþykkt að gildistími starfsleyfa verði að jafnaði 12 ár.

3.2 Áhættumats og tíðni eftirlits

Samþykkt að unnið verði í samvinnu við önnur eftirlitssvæði að gerð áhættumats og samræmingu á tíðni eftirlits og gjaldskrá.

3.3 Viðhorfskönnun

Samþykkt að taka þátt í könnun með öðrum eftirlitssvæðum um viðhorf til starfa heilbrigðiseftirlitsins.

4 Tóbaksvarnir

Rætt um framkvæmd eftirlits samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga. M.a. var kynnt skýrsla sem Capacent Gallup hefur unnið fyrir Lýðheilsustöð um "Umfang reykinga. Samantekt 2006", mars október 2006. Kannanirnar fóru fram snemma árs, um mitt ár og í lok árs (sjá heimasíðu Lýðheilsustöðvar <http://www.lydheilsustod.is/>).

Samkvæmt samntekt Capacent Gallup er umfang reykinga á hægri en stöðugri niðurleið. Það er þó áhyggjuefni að samdráttur í daglegum reykingum er hægastur hjá yngsta aldurshópnum í könnuninni, þ.e. hjá aldurshópnum 15 til 19 ára. Í þeim hópi reyktu 19,6% daglega þegar könnunin hófst árið 1987 en árið 2005 15,7% og í ár 12,2% sem er það lægsta sem mælst hefur

Eftirfarandi bókun var gerð:

"Heilbrigðisnefnd boðar aukið eftirliti að ákvæðum laga um tóbakasvarnir, þar sem kveðið er á um að þeir einir sem orðnir eru 18 ára megi selja tóbak."

5 Önnur mál

5.1.1 Leiksýning

Lagt fram umsókn Eyrúnar Óskar Jónsdóttur f.h. Jaðarleikhússins um heimild til þriggja leiksýninga að Miðvangi 41 í desember mánuði.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20

Júlíus K. Björnsson

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Steingrímur Steingrímsson

Sigurgeir Ólafsson